


21. febrúar 2014

Spáum 0,7% hækkun verðlags í febrúar

Greiningadeild spáir 0,7% hækkun á vísitöluneysluverðs (VNV) í febrúar. Þar vegur þyngst að útsöluáhrif munu ganga til baka og hafa 0,5% áhrif til hækkunar á vísitöluna. Einnig gerum við ráð fyrir að húsnæðisliðurinn hafi hófleg áhrif til hækkunar í mánuðinum og jafnframt er áætlað að matur og drykkjarvörur hækki. Gangi spá okkar eftir mun ársverðbólga mælast 2,2% samanborið við 3,1% í janúar og er ársþækkunin því komin undir verðbólguþolmarkmið Seðlabankans í fyrsta sinn síðan í mars 2011. Sú mikla lækkun sem verður á árstakti verðbólgunnar skýrist af þeirri miklu hækkun sem kom fram í febrúar í fyrra en þá hækkaði vísitalan um 1,64%. Sú mæling dettur út og í stað áætluð við hóflegri hækkun sem nemur 0,7% hækkun eins og áður var nefnt.

Samkvæmt bráðabirgðaspá gerum við ráð fyrir 0,7% hækkun í mars, 0,4% hækkun í apríl og 0,3% hækkun í maí. Spáin gerir því ráð fyrir að verðbólgan verði innan þolmarka verðbólguviðmiðs Seðlabankans (2,5% verðbólga +/- 1,5 prósentur) næstu mánuði.

Áhrif undirliða á verðbólgu í febrúar




Heimild: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar f. 2014

Helstu atriði í febrúarspánni:

- Útsöluáhrifin ganga til baka.** Útsöluáhrifin í janúar voru í takt við það sem við spáðum og námu um 0,7%. Við stöndum því við okkar fyrri spá um að útsöluáhrifin gangi að mestu leyti til baka í febrúar eða sem nemur um 0,5% og sú þróun haldi síðan áfram í mars mánuði. *Áhrif í febrúar: 0,5%*
- Húsnæði hækkar.** Við mat Hagstofunnar á reiknaðri húsaleigu er litið til þróunar markaðsverðs íbúðarhúsnæðis síðustu 3 mánuði ásamt markaðsvöxtum húsnæðislána. Það getur því verið erfitt að spá fyrir um þróun liðarins enda virðist þróunin vera frekar slembikennd milli mánaða. Þó má greina ákveðinn árstakt þar sem mestu áhrifin til hækkunar á VNV koma fram á vormánuðum eins og sjá má á vinstri myndinni að neðan. Við spáum því hóflegri hækkun liðarins í febrúar og mars en að hann komi sterkar inn í apríl og maí. Einnig má sjá á hægri myndinni að neðan að allir hagvísar um þróun húsnæðisverðs virðast gefa í skyn að húsnæði sé í hækkunarfasa um þessar mundir. *Áhrif í febrúar: 0,1%.*
- Matur og drykkjarvörur.** Samhliða áskorunum verkalýðsfélaga að sýna stuðning við gerð kjarasamninga í janúar teljum við að fyrirtæki hafi haldið aftur af hækkunum á mat og drykkjarvörum.

Því má áætlað að einhver uppsöfnuð þörf sé til staðar fyrir verðhækkunar sem komi fram í febrúar en þær verði þó hóflegar þar sem krónan hefur verið stöðug undanfarnin misseri. *Áhrif í febrúar: +0,1%.*

- **Flugfargjöld.** Sú tilhneiging hefur verið að flugfargjöld fylgi útsöluáhrifum í janúar en gangi síðan til baka mánuðina á eftir. Í janúarmánuði lækkuðu flugfargjöld um 0,21% og við áætluðum að liðurinn standi í stað í þessum mánuði en fari síðan hækkandi í mars. *Áhrif liðarins í heild í febrúar: +0%*
- **Jákvæð gengisáhrif.** Frá því að yfirlýsing peningastefnunefndar kom út 15. maí á síðasta ári, þar sem fram kom að Seðlabankinn myndi auka inngríp sína á gjaldeyrismarkaði og stýra þannig í meira mæli gengi krónunnar, hefur krónan verið stöðug og styrkst sl. mánuði. Við áætluðum því að gengisáhrifin verði jákvæð í mánuðinum og hafi áhrif til lækkunar verðlags. *Áhrif í febrúar: -0,1%.*



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Í síðustu verðbólguþáttum okkar gerðum við ráð fyrir einhverjum áhrifum af kjarasamningum en líklegt er að áhrifin verði minni þegar einungis um helmingur verkafélaga hefur skrifað undir. Einnig fjölluðum við í síðustu spá um gjaldskrárhækkunir vegna hækkana á krónutölusköttum. Á ríkisstjórnarfundum í lok janúar lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram frumvarp um gjaldalækkunir ríkissjóðs. Með frumvarpinu eru efnd gefin fyrirheit um að lækka gjaldtöku ríkisins til að styðja við gerð kjarasamninga. Gjaldtaka ríkissjóðs lækkar um samtals 460 m.kr. miðað við samþykkt fjárlög. Það getur haft áhrif til lækkunar á verðbólgunum og teljum við að það vegi á móti þeirri hækkun sem kann að verða vegna nýlegra kjarasamninga.


Bráðabirgðaspá

Þegar litið er til þróunar á undirlitum verðbólgunnar er ekki að sjá að margir liðir hafi áhrif til lækkunar um þessar mundir. Innfluttar vörur höfðu áhrif til lækkunar verðbólgu í janúar og er því krónan ekki að valda hækkun á innfluttum vörum framundan ef vel tekst til að halda genginu stöðugu. Einnig virðist lítil hækkun vera á opinberri og almennri þjónustu sem og innlendum vörum. Helst má áætla að húsnæðisverð haldi áfram að hækka og sé líklegasti liðurinn til að halda verðbólgunni hærri en ella. Einnig á eftir að koma í ljós hver niðurstaðan verður í kjaraviðræðum við opinbera starfsmenn. Í bráðabirgðaspá Greiningardeildar til næstu þriggja mánaða er gert ráð fyrir óbreyttu eldsneytisverði og óbreyttu gengi krónunnar. Við áætluðum að áhrif húsnæðisliðarins verði meiri í apríl og maí til lækkunar en verið hefur undanfarna mánuði og einnig áætluðum við að flugfargjöld hækki í mars. Í skammtímaspánni hækkar verðbólgan í 2,6% í mars, 2,8% í apríl og 3,1% í maí.

Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Mars +0,6%.** Útsöluáhrif ganga að fullu til baka og hafa 0,2% áhrif til lækkunar en einnig hækka flugfargjöld og hafa 0,1% til lækkunar. Að öðru leyti koma árstíðarbundnar hækkunir fram í verðlagi.
- **Apríl +0,3%.** Gert er ráð fyrir auknum umsvifum á fasteignamarkaði og hækkandi fasteignaverði sem mun hafa áhrif til lækkunar sem nemur 0,15% til lækkunar.
- **Maí +0,3%.** Fáir undirlitir benda til vaxandi verðbólguþrýstings og er húsnæðisliðurinn líklegastur til að halda uppi verðbólguþrýstingi. Við áætluðum að liðurinn hafi um 0,2% áhrif til lækkunar í mánuðinum.

Bráðabirgðaspá Greiningardeildar



Heimild: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar

Greiningardeild Arion banka

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is
444-6981

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is
444-6910

Hafsteinn Hauksson
hafsteinn.hauksson@arionbanki.is
444-6993

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is
444-6959

Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir
regina.bjarnadottir@arionbanki.is
444-6969

[Hér má finna fyrirvara](#)